

Sp. 567. Tillaga til þingsályktunar [268. mál]

um verðtryggingu tjóna- og slysabóta.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karvel Pálmason, Árni Gunnarsson,
Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Vilmundur Gylfason,
Gunnar R. Pétursson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að láta undirbúa löggjöf um verðtryggingu tjóna- og slysabóta almennra tryggingarfélaganna.

Greinargerð.

Margir hafa orðið fyrir verulegum skakkaföllum í yfirstandandi verðbólgu vegna þess að bótaupphæðir hafa ekki verið verðtryggðar. T. d. hafa tryggingarupphæðir brunatrygginga til skamms tíma verið vísitöluhækkðar einu sinni á ári. Í um 50% verðbólgu er þetta allsendis ófullnægjandi. Þannig má nefna dæmi um innbústryggingar sem hafa reynst þriðjungu of lágar þegar brunni átti sér stað skömmu fyrir hækkunardaginn.

Margir tryggingartakar munu þeirrar skoðunar, að tryggingin sé verðtryggð, og hefur hin árlega vísitöluhækkun vafalaust ýtt undir þessa skoðun. Eýkur hún þannig á andvaraleysi tryggingartaka.

Sömu sögu má segja af öðrum sviðum trygginga og sama skaða kunna hinir tryggðu að hafa af drætti á greiðslu bóta.

Hæfilegt má telja að tryggingarupphæð sé hækkuð fyrir hver 4—5% sem viðkomandi vísitala hækkar. Virðist eðlilegra að miða við slík mörk frekar en að tiltaka hversu oft skuli hækka tryggingarupphæðina.